

## LÖG

### um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um málefni fatlaðs fólks og lögum um málefni aldraðra.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar  
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### **Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað ártalsins „2012“ í 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum kemur: 2013.

#### II. KAFLI

##### **Breyting á lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum.**

2. gr.

Í stað orðanna „á árinu 2012“ í ákvæði til bráðabirgða V í lögnum kemur: á árinu 2013.

#### III. KAFLI

##### **Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.**

3. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2012 til og með 31. desember 2012“ í ákvæði til bráðabirgða VI í lögnum kemur: 1. janúar 2013 til og með 31. desember 2013.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 2012.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

**Ásta R. Jóhannesdóttir.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

*Guðbjartur Hannesson.*